

AUGLÝSING

um fyrirhugaða breytingu á Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

Samkvæmt 42. gr. samnings um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu — EFTA — getur hvert aðildarríki samtakanna sagt sig úr EFTA með 12 mánaða fyrirvara. Bretland sagði sig úr samtökunum 21. desember s. l., og er úrsögnin miðuð við 31. desember 1972.

Einnig hafa EFTA-rikin samþykkt að stytta úrsagnarfrest Danmerkur og Noregs, þannig að þau geti gengið úr EFTA um leið og Bretland, enda þótt úrsögn þeirra bærisk ekki fyrr en á næsta ári.

Ákvarðanir þessar eru teknar vegna fyrirhugaðrar inngöngu þessara ríkja í Efnahagsbandalag Evrópu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1971.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

31. desember 1971.

Nr. 24.

AUGLÝSING

um breytingu á samningi um Hina alþjóðlegu framfarastofnun.

Í samræmi við ályktun nr. 83, sem samþykkt var af stjórnarnefnd Hinnar alþjóðlegu framfarastofnunar (IDA) 5. nóvember 1971, gerist Ísland frá þeim tíma aðili að I. hluta samningsins (Part I Member), en var áður aðili að II. hluta (Stjt. A 59/1961 og 74/1961).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1971.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.